

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

**769. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 12. nóvember 2012
kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.**

Dagskrá:

1. Bréf Matthíasar Lýðssonar f.h. Búnaðarsambands Strandamanna.
2. Bréf Samtakanna Landsbyggðin lifi.
3. Erindi Icelandic Water Export ehf.
4. Húsnæðismál sveitarfélaga – Ráðstefna.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt bréf Matthíasar Lýðssonar f.h. Búnaðarsambands Strandamanna þar sem gerð er grein fyrir stöðu verkefnis um ritun Byggðasögu Strandamanna og ósk um að sveitarfélögin á svæðinu taki við verkefninu m.a. uppgjöri skulda og áframhaldandi útgáfu. Byggðarráð felur sveitarstjóra að afla frekari upplýsinga.
2. Bréf samtakanna Landsbyggðin lifi lagt fram. Í bréfinu er óskað eftir fjárframlagi til rekstrar samtakanna. Byggðarráð samþykkir að hafna erindinu.
3. Fram lagt Lagt fram bréf Icelandic Water Export ehf. frá 6. nóv. s.l. þar sem farið er fram á framlengingu um eitt ár á ákvæði 2.1 í viðaukasamningi sveitarfélagsins og IWE frá 29. nóv. 2007. Byggðarráð samþykkir að framlengja ofangreint ákvæði til 31.12.2013.
4. Til kynningar lögð fram dagskrá ráðstefnu um húsnæðismál sveitarfélaga sem haldin verður á Akureyri þann 16. nóvember nk. Sveitarstjóri mun sækja ráðstefnuna.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:35

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Elín R. Líndal.

Stefán E. Böðvarsson

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúar:

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurður Kjartansson.